

**Dagskrá 96. fundar Félagsstjórnar SLFÍ, haldinn  
26. september, 2018 kl. 10.00 í félagsaðstöðu SLFÍ**

**Mættir til fundar:**

Sandra B Franks, formaður SLFÍ  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður  
Jóhanna Traustadóttir, ritari, Reykjavíkureild  
Guðbjörg Sólveig Sigurðardóttir, Vesturlandsdeild  
Guðrún Elín Björnsdóttir Norðurlandsdeild vestri  
Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, Norðurlandsdeild eystri  
Helga Sveinsdóttir, Austfjarðadeild  
Helga S. Sveinsdóttir, Suðurlandsdeild  
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir, Vestmannaeyjadeild  
Viktoría Magnúsdóttir, Suðurnesjadeild  
Jóhanna G. Þórðardóttir, Vestfjarðadeild  
Ólöf Jóna Friðriksdóttir varamaður í framkvæmdastjórn  
Jakobína Rut Daníelsdóttir, varamaður í framkvæmdastjórn  
Fjarverandi:

Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri

**Fundarritun:**

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ  
Jóhanna Traustadóttir ritari SLFÍ

**Dagskrá**

1. **Fundur settur**
2. **Fundargerð síðasta fundar**
3. **Kynning á framkvæmdum orlofssjóðs**
  - a. Nýtt húsnæði í Reykjavík og sala á Safamýri
  - b. Akureyri, Holtaland 7 og 9
    - A. Opnunarhátíð fyrir norðan
  - a. „Nýtt“ húsnæði í Munaðarnesi
  - b. Ferðin til Spánar og Marokkó
  - c. Sumarið yfirleitt
4. **Fréttir frá formanni og umræður**
  1. Aðild sjúkraliða að hjúkrunarráði á LSH
  2. Bókun 8, framvinda og staða máls
  3. Kæra vegna launaskriðstryggingar
  4. Skjalastjórnun, ný lög um persónuvernd
  5. Vefsíðumál, þarfagreining
5. **Kynning á fyrirhuguðu átaksverkefni um ímynd sjúkraliða**
  - a. Umræður og áherslur
7. **Verkið og Norðurlandamót í hjúkrun/Nordic skills**

**Önnur mál**

- a. Umbun til trúnaðarmanna
- b. Aðalfundur deilda
- c. Sveigjanlegri reglur um styrkveitingu vegna námskeiða á Akureyri

- d. Dagsetning fulltrúafings vorið 2019, lok apríl í stað maí
- e. Gisting fulltrúa félagsins á hóteli í stað íbúðar félagsins
- f. Trúnaðarmannaráðsfundurinn

## Dagskrá

### 1. Fundur settur

Sandra B Franks (SBF) formaður SLFÍ bauð fundarmenn velkomna til fundar og lét vita að Birna Ólafsdóttir kæmi á fundinn undir 7. lið og sagði frá því að Jóna Jóhanna Sveinsdóttir væri í fríi erlendis.

### 2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að fundargerð síðasta fundar væri samþykkt og komin á netið.

### 3. Kynning á framkvæmdum orlofsjóðs

- Gunnar Örn Gunnarsson (GÖG), framkvæmdastjóri SLFÍ fór yfir það sem hefur verið að gerast í orlofsmálum félagsins. Orlofsjóður hefur fest kaup á nýju húsnæðið í Reykjavík að Jaðarleiti 2 á 3. hæð og er þar gott aðgengi fyrir alla. Íbúðin er tilbúin fyrir utan gólfefni og er um 107 fm. með 2 svefnherbergi. Íbúðin verður afhent í september 2018. Safamýrin verður svo seld í framhaldinu.
- SLFÍ fékk óvænt boð um að kaupa hús sem FOSS á Selfossi á í Munaðarnesi sem ákveðið var að kaupa, nú liggur fyrir að taka þarf þessi hús í gegn þ.e. þetta hús og húsið sem SLFÍ átti fyrir, en umhverfið í Munaðarnesi hefur verið verulega bætt varðandi leik og íþróttir og er eitt besta orlofshúsasvæði á landinu.
- Spurt var um að hvort hægt væri að setja heitan pott á Eiðum, en það gæti aukið aðsókn að húsinu. Einhver vandamál hafa verið varðandi uppsetningu vegna rafmagnsins. Kristín Ólafsdóttir benti á að gott væri að athuga með að setja upp sírennslshitara þarna, en hugsanlega þarf að hafa 3 fasa rafmagn til þess, GÖG kannar málið betur.
- Ferð stafsólks og stjórnar SLFÍ til Akureyrar verður 12. - 15. október. Nokkur umræða var um ferðina norður og mun GÖG og Hafdís Dögg Sveinbjarnardóttir, formaður DSNE sjá um allan undirbúning. Ákveðið var að stofna viðburð á Facebook síðu félagsins þar sem öllum félagsmönnum er boðið að koma í opunarhátíð á húsunum á Akureyri.
- GÖG fór yfir að sumarið hafi gengið mjög vel varðandi allt orlofstengt. Spánarferðirnar hafa gengið mjög vel, en göngurnar reyndust frekar erfiðar og var umræða um að gott væri að merkja þær með erfiðleikastigum. Hálendisferðin gekk mjög vel, en þar lengdist gangan aðeins, en þar þarf einnig að erfiðleika merkja ferðina þegar auglýst er.

### 4. Fréttir frá formanni og umræður

- SBF fór yfir ýmis mál sem hafa snúið að henni varðandi formannshlutverkið á hennar fyrstu mánuðum. Ræddi sína vinnu við að koma sjúkraliðum í hjúkrunarráð, þ.s. hún hitti m.a. formann hjúkrunarráðs og mun hitta Pál Matthíasson forstjóra LSH ásamt GÖG. SBF fór yfir umræðuna sem fram hefur farið og stöðu málsins.
- SBF fór yfir seinaganginn varðandi vinnuna við Bókun 8, en fram kom að illa hafi gengið að ná samkomulagi um til hvaða verkefna 0,25% sem koma eiga til viðbótar í menntunarsjóði SLFÍ eigi að nýtast. Áfram verður unnið með

málið. SBF sagði frá því að hún hefði tekið þátt í einum fundi varðandi málið og væri búin að ákveða annan fund til að ganga frá þessu máli, en ákveðið hafi verið að senda kvörtunarbréf til fjármálaráðherra vegna framvindu málsins. GÖG fór yfir forsöguna að þessu máli og sagði frá átökunum sem voru að baki þessari auknu greiðslu í menntunarsjóði SLFÍ.

- SBF fór yfir kærana vegna útfærslunnar á greiðslu launaskriðstryggingar og að fundað hafi verið með Gunnari Gunnarsyni (GG) hagfræðingi varðandi kærana og helstu tölur og gögn. SLFÍ hefði átt að fá 2,5 % hækkun miðað við launaþróun sjúkraliða, en fékk BSRB meðaltalið sem var 1,3%. SBF sagði að málið væri komið í ferli og færi fyrir Félagsdóm.
- Meðferð skjala á skrifstofu SLFÍ vegna m.a. nýrra laga um persónuvernd. SBF fór yfir vinnuskjal sem gert var af BSRB og varðar hvað má og hvað má ekki varðandi nýtingu og varðveislu upplýsinga um hvern og einn félagsmann. Reglugerðin um persónuvernd kemur frá Evrópusambandinu og er í raun ekki búin að aðlaga að íslensku samfélagi. Þörf er á að fara yfir allar skjalavinnslur og geymslur, hvert er hlutverk þeirra og markmið. Mikil vinna er framundan varðandi þessi mál til að þetta verði í lagi gagnvart persónuverndarlöggjöfinni. Starfsfólk skrifstofunnar er byrjað að vinna í þessu máli, en þar sem þetta er svo stórt og viðamikil, þá tekur þetta tíma. Einhverjar reglur er um geymslutíma á ákveðnum skjölum og ljóst er að Sjúkraliðafélagið þarf að taka upp skjalastjórnunarkerfi á skrifstofunni. Nokkur umræða var um Facebook síður hvað má og hvað ekki og einnig skapaðist umræða um hina nýju síðu sem félagið setti af stað fyrir trúnaðarmenn út frá persónuvernd.
- SBF sagði frá því að hún og Birna Ósk starfsmaður skrifstofu SLFÍ hefur verið að undirbúa uppfærslu á heimasíðu félagsins. Farið yrði í þarfagreiningu á vefsíðu félagsins og síðan yrði uppfærslan að einhverju leyti byggð á þeirri greiningu. Leitaði hefur verið til félaga sem nýlega hafa uppfært sínar heimasíðu um hvaða leið þau hefðu farið og hafi þau bent á einn ákveðinn aðila, sem vísaði á nemendur sína, sem hann muni standa á bak við ef til kemur. Samþykkt að vinna áfram með málið.

## 5. **Kynning á fyrirhuguðu átaksverkefni um ímynd sjúkraliða**

SBF sagði frá því að fundað hafi verið með Grétari Theodórssyni almannatengsla sérfræðingi til að vinna að frekar styrkingu ímyndar sjúkraliða og Sjúkraliðafélagsins. Skrifstofa SLFÍ og framkvæmdastjórn er búin að funda með honum varðandi málið til að fara yfir helstu kosti slíks átaks. Í framhaldi af því var ákveðið að leggja málið fyrir félagsstjórn til að ákveða næstu skref og Grétar mun koma á næsta fund Trúnaðarmannaráðs 27. september og kynna þær hugmyndir sem liggja fyrir. Rætt var um að finna þurfi sjúkraliða sem eru tilbúnir til að ræða starf sitt. Grétar hefur tekið saman helstu áherslupætti þ.s. fram kemur hvernig þessi vinna fer fram í hverju hún er fólgin, nánar er hægt að lesa um málið í viðhenginu. Fram kom að SLFÍ á nýleg myndbönd með viðtölum við sjúkraliða sem gert var í tilefni afmælis félagsins en hægt væri að nýta aftur þessi myndbönd. Nokkur umræða var um málið en allir eru sammála um að fara í þessa ímyndarvinnu. Nokkrar vangaveltur voru um hvar sóknarfærið væri helst, þörfin er virðist vera allstaðar á landinu fyrir gott átak. Sjúkraliðar og ófaglærðir virðast í vaxandi mæli vera settir undir sama hatt og á einhverjum stofnunum kemur það fyrir að engir sjúkraliðar væru á vakt á deildum. Samþykkt var að fara í þessa vinnu með Grétari.

*(fylgiskjal)*

## 6. Verkið og Norðurlandakeppni í hjúkrun (Nordic Skills) á að taka þátt?

Birna Ólafsdóttir (BÓ), skrifstofustjóri SLFÍ kom á fundinn og fór yfir sögu þessara keppna, þ.e. Íslandmótsins í hjúkrun og Nordic Skills. Fram kom hjá BÓ að síðast liðið vor komu hingað gestir að utan til að kynna Nordic Skills keppnina og fenginn hafi verið tengill frá Ármúlaskóla til að vera með og væntanlega halda utan um þátttöku sjúkraliða á þessu móti. Fulltrúi FÁ reyndist svo ekki virkur og vera frekar á móti þessari keppni og hafnaði þátttöku. SLFÍ vildi ekki gefast upp og fékk Hafdís Dögg formann DSNE til að ræða við sjúkraliðana sem unnu keppnina hér heima, sem voru nemendur í VMA og voru þær tilbúnar til að fara og einnig var ákveðið að senda fulltrúi fræðslunefndar með og þjálfarann sem undirbjó keppendur fyrir mótið. BÓ fór einnig yfir stöðuna á væntanlegri keppni verk og iðngreina sem á að fara fram nú í vor en ekki hefur verið nokkur einasti áhugi frá skólunum FÁ og FB, en einhver áhugi er hjá VMA. BÓ sagði frá því að á síðasta fundi fræðslunefndar hafi komið hugmyndin um að tveir fulltrúar fari í skólana og kynni þessa keppni fyrir nemendum. SBF benti á að þessi mál væru óvinnandi ef skólarnir taka ekki þátt í undirbúningi að keppninni.

Fundarmenn voru sammála um að keppnin hér heima skipti miklu máli sérstaklega þegar félagið er að fara í ímyndarvinnu á stöðu sjúkraliða. Ákveðið að fara af stað með kynningarherferð í skólunum um þessa keppni.

Hafdís Dögg Sveinbjarnard. sagði að þær sem tóku þátt í Nordic Skills hefðu komið mjög jákvæðar heim aftur.

Nokkur umræða var um mikilvægi beggja þessara keppna og var tekin ákvörðun um að vera í vesta falli með bás og kynna Sjúkraliðastarfið og félagið á Íslandsmótinu, en leggja mikla áherslu á að vera með. Fræðslunefnd SLFÍ falið að vinna í því að hvetja nemendur og skóla til að taka þátt keppninni 2019, en bíða og sjá með Nordic Skills keppnina.

## Önnur mál

- Umbun fyrir trúnaðarmenn  
GÖG fór yfir forsöguna varðandi hugmyndina að umbun til trúnaðarmanna fyrir vinnu sína sem trúnaðarmenn. Fram kom að samið var við ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur um 0,1% greiðslu af öllum launum sjúkraliða í ákveðinn sjóð félagsins sem á m.a. að fara í stuðning við störf trúnaðarmanna. Þessir fjármunir eru einnig notaðir til að greiða þátttöku í trúnaðarmannanámskeiðum og trúnaðarráðsfundum hjá félaginu. GÖG velti upp þeirri hugmynd að mynda þyrfti einhvern ramma um hverjir ættu rétt á þessari umbun, hvaða kröfur væri hægt að gera og hvernig ætti að fylgja þeim eftir.
- Farið var yfir dagskránnu á trúnaðarmannaráðsfundinum og var mikil ánægja með hana.  
Ábending kom frá stjórnarmönnum að tímasetning þessa trúnaðarmannaráðsfundar er ekki mjög hentug vegna endurnýjunartíma á trúnaðarmönnum. Fram kom að ákveðið hafi verið að hafa fundina í fyrra fallinu vegna undirbúnings fyrir komandi kjarasamninga.
- Aðalfundir deilda  
SBF óskaði eftir því að formenn deildanna segðu frá undirbúningi og framkvæmd aðalfunda hjá hverri deild fyrir sig. Fram kom að venjuleg aðalfundarstörf trekkja ekki mjög mikið að, en misjöfn þátttaka er á fundunum

og það sem er í boði á þessum fundum fyrir utan hefðbundin aðalfundarstörf hefur töluverð áhrif á hvort mætingin er góð.

- Sveigjanlegri reglur um styrkveitingar vegna námskeiða á Akureyri. SBF fór yfir sinn skilning á þessari fyrirspurn, sem kom frá formanni DSNE, Hafdísí Dögg Sveinbjarnardóttur. Málið snýst um að sjúkraliði sem er búinn með sjóðinn sinn og sækir námskeið í október 2018, en á von á inneign í sjóðinn aftur í janúar 2019, hvort hann geti fengið greitt í október. Fram kom að málið var rætt á fundi framkvæmdastjórnar og ákveðið að halda sig við fyrri reglur. Umræður voru töluverðar um málið og ákveðið að HDS sendi inn tillögu til breytinga á lögum/úthlutunarreglum Starfsþróunar/starfamenntasjóðs fyrir næsta fulltrúaþing í maí 2019.
- Tillaga var um að flýta dagsetningu fulltrúaþingsins vorið 2019, til loka apríl í stað maí. Nokkur umræða var um málið og ákveðið að hafa félagsstjórnarfundinn og fulltrúaþingið 6. og 7. maí 2019.
- Rætt var um það fyrirkomulag að fulltrúar í félagsstjórn hafa í seinni tíð gist í orlofsíbúðum félagsins á Reykjavíkursvæðinu. Nokkur umræða var um þetta og ekki eru allir sáttir við að vera með mörgum í íbúð eða herbergi. Hér áður fyrr voru stjórnarmenn á hótelum og þá allir með sér herbergi. Skýringin á þessu var að ekki er nægt framboð á hótulgistingu og verðlagið fór upp úr öllu valdi við fjölgun ferðamanna til landsins. Allir sammála að sjálfsagt sé að spyrja hvað fólk vill, en um leið vera meðvituð um að fara vel með fjármuni félagsins.

Fundi slitið kl.16:14.